Morgunblaðið

Útgefandi Árvakur h.f., Reykjavík
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson, Björn Jóhannsson, Árni Jörgensen.
Fréttastjórar Freysteinn Jóhannsson, Magnús Finnsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Ágúst Ingi Jónsson.
Ritstjórnarfulltrúi Björn Vignir Sigurpálsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 691100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 691111. Afgreiðsla: Kringlan 1, sími 691122. Áskriftargjald 1200 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 110 kr. eintakið.

Dapurleg fjölskyldumynd

Meirihluti íslenskra barna á aldrinum 7 til 12 ára gengur sjálfala á daginn, tíðni hjónaskilnaða hefur þrefaldast hér á landi á undanförnum þremur áratugum, foreldrar vinna óhóflega langan vinnudag, laun duga tæpast fyrir nauðþurftum og matvöruverð er trúlega með því hæsta sem þekkist á Vesturlöndum. Þetta er sá veruleiki sem við blasir á Íslandi nú um stundir samkvæmt því, sem fram kom í athyglisverðri grein, „Kjarnafjölskyldan í kreppu", í Morgunblaðinu sl. sunnudag.

Nú er það vissulega svo, að allur samanburður á þessu sviði getur verið í besta falli hæpinn, ef ekki beinlínis rangur. Þannig getur verið vafasamt að bera saman lengd vinnuvikunnar í hinum ýmsu löndum. Erlendis leggja menn almennt á sig umtalsvert erfiði einfaldlega til að komast á vinnustað, líkt og alkunna er, og vinnuagi er meiri erlendis en hérlendis. Hið sama gildir þegar menn taka að bera saman framfærslukostnað, skattgreiðslur og fleira.

Engu að síður hljóta þær upplýsingar er fram koma í fyrrnefndri grein Morgunblaðsins að vera mikið umhugsunarefni. Ekki verður betur séð en langur vinnutími og eftirsókn eftir svonefndum lífsgæðum, í efnislegum skilningi þess orðs, sé tekin að vega að einni mikilvægustu einingu þjóðfélagsins, fjölskyldunni. Það er almennt mat viðmælenda Morgunblaðsins, að Íslendingar hafi of lítinn tíma til að sinna því dýrmætasta í lífi þeirra sjálfra og þjóðfélagsins, börnunum.

Vitanlega er þessi umræða ekki nýjung í íslensku þjóðlífi. Því hefur þráfaldlega verið haldið fram, að þjóðfélagið - og þá er yfirleitt átt við ríkisvaldið - hafi ekki komið til móts við þarfir nútímans. Líta þurfi til þeirrar staðreyndar, að meirihluti foreldra vinni langan vinnudag og því þurfi að laga skólakerfið að því svo eitt dæmi sé tekið. Umræður um dagvistarmál og brýn úrlausnarefni á því sviði kannast allir við. Þetta sama viðhorf kemur fram í viðtölum Morgunblaðsins við þá er tjá sig um kreppu kjarnafjölskyldunnar í fyrrnefndri grein.

Ekki verður betur séð en þessi leið til að nálgast vandann sé í senn úrelt og röng. Auknar kröfur á hendur ríkinu fela einfaldlega í sér aukin útgjöld, sem fjármögnuð eru með aukinni skattheimtu. Þessi hugmyndafræði felur því í raun í sér vítahring, þ.e. aukin skattheimta minnkar ráðstöfunartekjur, sem aftur verður til þess að almenningur leitar leiða til að auka tekjur sínar, er getur af sér lengri vinnutíma, sem þá verður til þess að kröfur á hendur ríkinu magnast og skattheimta eykst á ný. Verra er, að hún felur einnig í sér þá afstöðu að viðurkenna beri, að foreldrar hafi engan tíma til að sinna uppeldi barna sinna og því beri að fela stofnunum það vandasama hlutverk. Þetta er rangt. Foreldrar eru og eiga að vera ábyrgir fyrir uppeldi og almennri menntun barna sinna, en það er m.a. hlutverk samfélagsins að tryggja aðstæður til þess.

Sú spurning hlýtur að vakna, hvort umræður um uppeldismál og hagsmuni fjölskyldunnar hér á Íslandi hafi ekki um of fest í sama farinu og að stöðnunar sé farið að gæta á þessum vettvangi. Er ekki sífellt verið að skilgreina vandann með sama hætti og eru þær lausnir sem bent er á ekki allar sama marki brenndar? Er ekki sífellt, með mismunandi formerkjum þó, verið að halda því fram, að færa beri ábyrgð á velferð og þroska barna frá foreldrum í hendur ríkisvaldsins?

Áþekk stöðnun kann að einkenna skilning nútíma Íslendinga á hugtakinu „lífsgæði". Raunar er það svo, að umræður um óhóflega neysluhyggju landsmanna vakna jafnan er jól fara í hönd en liggja niðri þess á milli. Sumir telja, að á sviði neysluhyggju og „lífsgæðakapphlaups" gangi Íslendingar t.a.m. mun lengra en frændur þeirra á Norðurlöndum. Það er alkunna, að menn sem dvalist hafa langdvölum erlendis hafa orð á þeim hraða og því hamsleysi er einkenni íslenskt samfélag.

Ef það er mat hinna fróðustu manna, að fjölskyldan sem samfélagsform sé í raunverulegri hættu, og að íslensk börn eigi þess ekki kost að dveljast með foreldrum sínum sem skyldi, kallar það vitanlega á viðbrögð. Svo alvarlegan vanda geta menn ekki leitt hjá sér.

Finnar ígrunda inngöngu í EB

eftir Jaakko Iloniemi

Undanfarna mánuði hafa miklar umræður verið um það í Finnlandi hvort Finnar eigi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu (EB) eða ekki. Í fyrravor var talað um að bíða átekta — ekki bæri að taka neinar ákvarðanir fyrr en ljóst væri um árangur samninga fulltrúa EB og Fríverslunarbandalags Evrópu (EFTA) um Evrópskt efnahagssvæði, EES. Þegar það lá ljóst fyrir var næst spurt hver árangur yrði af leiðtogafundi EB í Maastricht í desember sl. Hverskonar Evrópubandalagi Finnar væru að íhuga aðild að. Nú vita Finnar einnig meira um það. Nú er sagt að þar sem ríkisstjórnin hafi skipað nefnd til að gera skýrslu um kosti og galla aðildar að EB, sé rétt að sjá þá skýrslu fyrst. Þá fyrst sé grundvöllur fyrir skoðanamyndun varðandi aðild.

Skýrslan verður senn tilbúin og verður hún lögð fram í þinginu í næstu viku. Núverandi ríkisstjórn Mið- og Hægri-flokkanna hefur þegar lýst því yfir að hún muni marka stefnu sína varðandi aðild eða ekki aðild í ljósi þeirra umræðna sem fram fara um málið á þingi. Þetta er ekki auðvelt val fyrir Esko Aho forsætisráðherra og stjórn hans. Aho er formaður Miðflokksins þar sem skoðanir um aðild að EB eru skiptar. Miðflokkurinn er arftaki Bændaflokksins, og fulltrúar landbúnaðarins reka áróður gegn aðild að EB. Vissulega eiga fleiri hagsmunahópar aðild að Miðflokknum, en hitt er rétt að landbúnaðararmurinn er meginstoð flokksins. Þótt Miðflokkurinn sé leiðandi flokkur ríkisstjórnarinnar, stendur hann þar ekki einn. Íhaldsflokkurinn stendur einnig að samsteypustjórninni og er eindregið fylgjandi aðild að EB. Sömu sögu er að segja um stærsta stjórnarandstöðuflokkinn, Jafnaðarmenn. Launþegasamtökin eru einnig hlynnt aðild. Talsmenn iðnrekenda mæla með aðild, og einnig fulltrúar bankanna, sem eiga í miklum erfiðleikum.

Enn er engan veginn ljóst hvernig umræðunum á þingi lyktar. Í skoðanakönnunum kemur fram að meirihluti þingmanna er fylgjandi aðild að EB. Hvað þjóðina í heild varðar virðist tæpur helmingur vera fylgjandi aðild, um fjórðungur andvígur og fjórðungur óákveðinn. Ákvörðun um hvort sækja beri um aðild eða ekki verður ef til vill borin undir atkvæði á þingi, og það segir sig sjálft að sú ákvörðun verður ekki tekin án samþykkis Mauno Koivisto forseta. Um það eru ákvæði stjórnarskrár Finnlands skýr.

Þótt skoðanir séu skiptar varðandi aðild að EB telja margir Finnar sem til þekkja að áhættusamara sé að leita ekki eftir samningum um aðild en að semja. Ef viðunandi árangur næðist væri engu að tapa. Ef ekki, væri alltaf mögulegt að hafna samningnum, þó ekki væri nema með því að bera hann undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Finnar hafa litla reynslu af þjóðaratkvæðagreiðslu, en ákvæði þar að lútandi eru í stjórnarskránni.

Landbúnaður er langsamlega mikilvægasta efnahagslega þrætuefnið. Meðal annarra mála eru fullveldi og sjálfstæði brýnust. Í augum margra Finna er skilyrðislaust sjálfstæði algjört trúaratriði. Hugmyndin um skerðingu fullveldisins vekur hjá þeim hryllingi þótt þeir viðurkenni fúslega að skilyrði fyrir tilvist fjölþjóða samfélags sé að þar verði farið að alþjóðalögum. Konur virðast óttast að staða þeirra verði verri innan EB en utan þess. Þær vitna oft til dæma um betri stöðu kvenna á Norðurlöndum en í löndunum við Miðjarðarhaf.

Allt sem varðar aðild að EB fellur að nokkru leyti í skuggann af þeim miklu efnahagserfiðleikum sem ríkja í Finnlandi um þessar mundir. Aldrei hefur atvinnuleysi verið jafn mikið og nú, og samdráttur í efnahagslífinu er meiri en nokkru sinni fyrr á friðartímum. Sumir telja að aðild að EB geti leitt til batnandi efnahagsástands í framtíðinni. Aðrir óttast að hún leiði aðeins til aukinnar samkeppni, og gæti jafnvel teflt efnahag landsins í heild í tvísýnu. Þótt talsverð óvissa ríki um líkleg áhrif aðildar að EB, telja flestir efnahagssérfræðingar kostina við aðild fleiri en ókostina. Þeir telja að utan bandalagsins hljóti hættan á að einangrast og standa utan raunverulegra varnarbandalaga með aðgangi að nýjustu tækni að aukast. Varðandi viðskipti þyrftu Finnar einir að standa vörð um hagsmuni sína í samkeppni við



Jaa

Þrjár sýningar opna á Kjarvalsstöðum

ÞRJÁR SÝNINGAR verða opnaðar að Kjarvalsstöðum laugardaginn 11. janúar næstkomandi. Á sýningunum verða sýnd verk eftir eldri meistara úr Listasafni Reykjavíkur, úrval verka eftir Kjarval og einnig verður sýning á ljóðum eftir Ísak Harðarson.

Öll listaverkin á sýningu eldri meistara eru í eigu Reykjavíkurborgar og er þetta í fyrsta skipti sem haldin er sérstök sýning á verkum eldri meistara úr Listasafni Reykjavíkur, en verður sýningin í vestursal og forsal. Sýnd verða verk eftir Ásgrím Jónsson, Eyjólf Eyfells, Finn Jónsson, Gísla Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Gunnlaug Scheving, Jóhann Briem, Jón Engilberts, Jón Stefánsson, Júlíönu Sveinsdóttur, Kristin Pétursson, Kristínu Jónsdóttur, Mugg, Snorra Arinbjarnar, Svein Þórarinsson og Þorvald Skúlason. Verk þessi hanga yfirleitt á ýmsum stofnunum Reykjavíkurborgar.

Í austursal verða sýnd valin verk eftir Jóhannes S. Kjarval, en á Kjarvalsstöðum er mikið safn verka hans varðveitt, sem hann gaf Reykjavíkurborg árið 1968. Verkin á sýningunni eru frá ólíkum tímum á listferli Kjarvals auk þess sem kynntar verða gjafir, sem borist hafa safninu að undanförnu.

Á laugardag verður einnig opnuð sýning á ljóðum Ísaks Harðarsonar. Fyrsta ljóðabók hans, Þriggja orða nafn, kom út árið 1982 en hann hefur nú gefið út sex ljóðabækur auk smásagnasafns.

Sýningarnar verða opnaðar laugardaginn 11. janúar kl. 16. Myndlistasýningunum lýkur 16. febrúar, en ljóðasýning Ísaks Harðarsonar stendur til 26. janúar en þá hefst sýning á ljóðum Hannesar Sigfússonar.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Kristín Guðnadóttir, safnvörður, og Þorbjörg Gunnarsdóttir, safnleiðbeinandi, setja upp eitt verkanna á sýningunni.

Listasafn ASÍ:

Ljósmyndasýning World Press Photo

HIN árlega fréttaljósmyndasýning World Press Photo verður opnuð í Listasafni ASÍ laugardaginn 11. janúar kl. 14.00. Myndirnar hafa verið sendar í fréttaljósmyndakeppni World Foundation stofnunarinnar sem árlega gengst fyrir samkeppni um bestu fréttaljósmyndirnar í þeim tilgangi að vekja almennan áhuga á því sem best hefur verið gert á þessum vettvangi.

Auk vals á fréttaljósmynd ársins eru verðlaunaðar myndir í fjölmörgum efnisflokkum. Veitt eru m.a. verðlaun kennd við Oskar Barnac, upphafsmann Leica-myndavélarinnar, fyrir þá ljósmynd sem túlkar best hugsjón mannúðar og samband manns og umhverfis. Þá eru einnig veitt verðlaun Búdapestborgar fyrir ljósmynd sem sýnir jákvæðar aðgerðir til varðveislu lífs á jörðinni.

Í World Press Photo 91 bárust 11. 521 mynd frá 1. 390 ljósmyndurum frá alls 61 landi. Sýningin verður opin alla daga vikunnar frá kl. 14-20. Henni lýkur mánudaginn 27. janúar 1992.